



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið




Leikskólahluti Dalskóla

2020 – 2021



DALSKÓLI
HAMINGJAN ER FERÐALAG



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegum tækifæri til leiks, menntunar og frístundarstarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Vera framsækið forystuafli í skóla-og frístundarstarf



1	Leiðarljós leikskólans:	6
2	Greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta skólaári	6
2.1	Skapandi starf.....	7
2.2	Menntastefna Reykjavíkurborgar – 2030 „ Látum draumana rætast,,	7
3	Um innra mat í leikskólanum	11
3.1	Innra mat Dvergadalur	11
3.1.1	Tónlist:.....	11
3.1.2	Hreyfing:.....	12
3.1.3	Smiðjur:	12
3.2	Innra mat Huludalur	13
3.2.1	Tónlist:.....	13
3.2.2	Hreyfing:.....	13
3.2.3	Smiðjur:	14
3.3	Innra mat Álfabjörg	15
3.3.1	Haustið	19
3.3.2	Vorið	20
3.4	Innra mat Mosadals	25
3.5	Ytra mat.....	29
4	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	30
5	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	31
6	Foreldrasamvinna	31
7	Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	31
8	Fylgiskjöl.....	36
8.1	Fylgiskjal 1	36
8.2	Fylgiskjal 2	40
F. h.	leikskólans	41



8.3	Fylgiskjal 3	42
9	Hlutverk foreldraráðs	43
9.1	Umsögn foreldraráðs:	44



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístunaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur á leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðum og hlutverki starfsfólks
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið nám
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl
- Umsögn foreldraráðs
- Skóladagatal fyrir árið

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starf leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



1 Leiðarljós leikskólans:

„Hamingjan er ferðalag“ skapandi starf er okkar rauði þráður í gegnum alla okkar vinnu með börnum.

2 Greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta skólaári

Skólaárið var með mjög óhefðbundnu sniði þetta skólaárið. Miklar breytingar voru vegna langtímaveikinda þannig að ráða þurfti mikið af nýju starfsfólki. Vegna langtímaveikinda urðu breytingar meðal annars í stjórnendahópnum en Vilborg Jóna aðstoðarsleikskólastjóri tók við starfi aðstoðarsleikskólastjóra í leikskólahluta. Vel gekk að ráða starfsfólk að hausti en Dalskóli var að aðlaga börn sem höfðu fengið boð um leikskólavist aðeins fram eftir haustinu. Aðlögunin gekk ágætlega þrátt fyrir að hún hafi dregist eitthvað. Þegar nýja leikskóladeildin úti í Móa opnaði í janúar tók svo við ný aðlögun þar sem hægt var að taka inn börn í þau pláss sem losnuðu. Um áramótin tók leikskólahluti við húsnæði (Móa) sem tengt er við nýju grunnskólabygginguna. Þetta húsnæði var nýtt fyrir unglingadeild á meðan að grunnskólinn var í byggingu. Börn og starfsfólk elstu deildar fluttu í Móa laust eftir áramót og þá gátum við boðið nokkrum elstu börnum af biðlista pláss. Börnin sem eru fædd 2014 eru nú 31 en við vonumst eftir því að geta flutt í allt rýmið sem ætlað er leikskólahluta í haust. Það er ráðgert að í Móa dvelji 95 börn á 4 deildum. Um leið og börnum fækkaði var hægt að bjóða af biðlista en sú aðlögun gekk frekar hægt þar sem að verkfall Eflingar stóð yfir í þrjár vikur í febrúar og mars og setti heldur betur mark sitt á leikskólastarfið. Eftir að samningar náðust við félagi í Eflingu þá helltist yfir okkur sú heimsvá sem Covid -19 nefnist og setti mark sitt á allt þjóðfélagið okkar og þar voru leikskólarnir engin undantekning. Skipulagning vegna þess tók heilmikið á fyrir alla, starfmenn, börn og foreldra þar sem mikil skerðing varð á viðveru barna. Mikil þríf og skipulagsvinnu þurfti til þess að ná að halda úti einhverju starfi og opnum leikskóla. Við réðum um áramótin annan aðstoðaleikskólastjóra vegna stækkandi skóla en Sólveig Þórarinsdóttir kom inn í hópinn okkar en Sólveig hefur verið starfandi leikskólastjóri um allnokkuð skeið.

Haldið var áfram að innleiða Vináttuverkefni Barnaheilla - fri for Mobberi sem er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti fyrir börn á aldrinum 1- 8 ára. Verkefnið kemur frá Danmörku og er þróað og mótað af Red Barnet og Mary Fonden. Tilgangur verkefnisins er að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Grundvöllur þess að vel takist til er þátttaka allra í leikskólanum; barna, starfsfólks og foreldra. Sérstök áhersla er lögð á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti án þess að bregðast við því. Innleiðingin hefur gengið nokkuð vel eða eins og búast má við í árferði sem því sem áður er líst.

Unnið var með Lubba í vetur en Lubbi finnur málbeinið er málörvunar verkefni, en Lubbi er íslenskur fjárhundur sem þarf að læra íslensku máhljóðin. Þetta málörvunarverkefni er unnið inni á öllum deildum og hefur gengið vel. Unnið verður enn dýpra í vetur.



Við tókum þátt í Barnamenningarhátíð og vorum við að venju í samstarfi með Tónskóla Sigursveins en ekki var unnt að halda hátíðina í Hörpu..



2.1 Skapandi starf

Smiðjurnar hafa verið með öðrum hætti en vant, en aðeins náðist að vinna með eina smiðju að hausti og fram til þess að byrjað var að gera jólagjafir. Þetta var smiðjan „Um víðan völl“ þar sem við unnum með allskyns efni við fundum úti og gerðum úr þeim ýmiskonar listaverk. Á haustinu fór líka mikill tími á Dvergadal í verkefnið „Málað á bleyjunni“ þar sem börnin eru þá á bleyjunni/brókinni og fá ótrufluð að mála herbergi sem klætt hefur verið með pappa. Upplifun barnanna er tekin upp og afrakstur notaður sem jólagjöf til foreldra. Tónlistarstundir gengu vel eins og áður en verkefnastjóri var þó í haust minna með börnunum í undirbúnum stundum þar sem hann tók að sér málörvun inni á deildum sökum fjölgunnar barna sem þurftu meiri málörvun. Starfsfólk deilda tók að sér tónlistarstundirnar að mestu fram yfir ármótin.

Elstu börnin hafa í vetur verið að fara í skemmtilegar ferðir um nær samfélagið og notið náttúrunnar í lengri og styttri ferðum. Þetta eru kallaðar ævintýraferðir en kennarar fara með börnunum út í hverri viku í litlum hópum út í öll veður. Þar kanna þau umhverfið upplifa, skrá og vinna þegar heim er komið. Þetta hafa verið mjög skemmtilegar ferðir og upplifanir sem bæði börn og starfsmenn hafa haft gaman af.

2.2 Menntastefna Reykjavíkurborgar – 2030 „Látum draumana rætast,,

Sótt var um í A-hluta Þróunarsjóðs fyrir veturinn 2019-2020 á vegum Menntasviðs sem nefnist „Látum draumana rætast,,. Áherslu Skóla-og frístundasviðs ... að efla innrastarf leik-grunn og frístundarstarfs í Reykjavíkurborg sjá <https://menntastefna.is/um-menntastefnu/> Menntastefna byggir á fimm grundvallarþáttum: félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði. Leiðarljós menntastefnunnar næstu árin eru tvö, hið fyrra er „Barnið sem virkur þáttakandi,, og hið síðara er „fagmennska og samstarfi í öndvegi „ Í A-hluta var sótt um styrk í verkefnið:




„Skapandi og glöð börn,, þar sem megináhersla var lögð á að vinna dýpra með Reggio Emilia hugmyndafræðina, tónlistarupplifun og menntun. Skapandi hug og hönd og nota opin efnivið inni á deildum. Styrkur var veittur til verkefnisins í samræmi við fjölda barna. Unnið hefur verið heilmikið í þessu verkefni og erum við að þróa okkur og vinna inn í stækkandi skóla sem er helsta áskorunin okkar. Við fengum um 850.000 styrk í verkefnið.

Fyrir skólaárið 2020-2021 var sótt um að gera læsi sýnilegra í vinnu með leikskólabörnunum og vinna ofan á læsisstefnu sem unnin var með öllum leik- og grunnskólum í Grafarholti og Úlfarsárdals. Verkefnið nefnist „*Já það er gott að lesa*“. Helstu markmið þessa verkefnis eru að efla foreldrasamvinnu í gegnum verkefnin sem unnin eru í leikskólahluta, gera þau sýnilegri og tengja við námskrána okkar. Ætlunin er að efla fagmennsku í starfinu með börnunum og virkja þátttöku barna. Sjálfsefla þau og styðja við félagsfærni í gegnum læsi og sköpun. Ekki er búið að veita fjármagni vegna þessara umsóknar.

Sótt var um í B-hluta fyrir verkefnið „Orð eru til alls vís“ en þetta verkefni snýr að samvinnu leik- og grunnskóla í Grafarholti og Úlfarsárdal. Verkefnið miðar að því að fá inn talmeinafræðinga. Samtalið tóku skólustjórar og eða aðstoðarskólustjórar þessara sex samstarfsskóla.

- Skólarnir unnu þróunarverkefnið *Já það er gott að lesa* fyrir einum skólavetri síðan sem hafði það að markmiði að greina og samræma grunnþætti í málörvunar- og lestrarverkefnum og varð til sameiginleg lestrarstefna hverfisins. Það samstarf gekk vel og bar ávöxt og skapaði sameiginlega sýn á margt það er snýr að lestri og málörvun. Sjá skýrslu: *Já það er gott að lesa*
- Áskoranirnar sem við stöndum frammi fyrir í framhaldi verkefnisins *Já það er gott að lesa* er að bil þeirra barna, sem af einhverjum ástæðum ná ekki tökum á tungumálinu bæði vegna skorts á málörvunartækifærum og vegna seinkaðs málþroska, hefur reynst erfitt að brúa. Börnin koma mjög misvel nestuð til skólastarfs, bæði í leik- og grunnskóla hvað varðar málkunnáttu og getu í að beita málinu. Áskorunin felst í að jafna þennan mun
- Grafarholt og Úlfarsárdalur er að taka breytingum hvað varðar íbúasamsetningu. Börnin okkar koma úr ólíkari aðstæðum en áður, frá ýmsum heimshornum og með ólíkan menningarbakgrunn.
- Hér er um að ræða víðtækt samstarfsverkefni, þar sem við leggjum okkur eftir aðferðum og verkfyrirkomulagi í leik og starfi sem er til þess fallið auka málþroska, hugtakaskilning og hæfni til að beita tungumálinu hjá öllum börnum, en með sérstaka áherslu á þann hóp barna sem höllum fæti standur.
- Gögn þau sem við styðjumst við er fyrst og fremst Hljóm-2, Lesferill, Samræmd próf, Pisa niðurstöður og niðurstöður skólapúlsins í hverfinu. Gögn (Lesferill, samræmd próf og Hljóm) sýna að okkur hefur ekki tekist að jafna bil barna hvað varðar hæfni í tungumálinu, beitingu þess og skilning.
- Pisagögn sýna það á landsvísi að við náum ekki að nýta skólakerfið til að jafna stöðu barna í lesskilningi út frá menningarbakgrunni.
- Sérfræðingar þeir sem að verkefninu koma eru talmeinafræðingar, bæði þjónustumiðstöðvar og þeirra sem við munum sameiginlega ráða til okkar, tímabundið í tvö ár.





3 Um innra mat í leikskólanum

Leikskólastarfið var með þeim hætti þetta starfsár að ekki var unnt að sinna neinu innra mati að gagni. Aðeins var starfið metið og markmið sett í stuttan tíma á deildar – og deildarstjórafundum.

Einnig kom fram ýmislegt sem sett verður inn í umbætur vaðandi starfsmannamál ýmislegt sem kom fram í starfsþróunarmálum í vor. Aðallega var þó rætt um að upplýsingar skili sér ekki frá deildarstjórum og mál sem koma upp á hverju ári.

3.1 Innra mat Dvergadalur

Á Dvergadal voru haustið 2019, 11 börn fædd 2016 og 2017. Eftir áramótin komu ný börn í aðlögun á Dvergadal við erum með 10 börn á vorönn 2020, fædd 2017, 2018 og 2019.

Starfið á deildinni hefur verið flókið það sem af er þessa starfsárs, þegar við hófum starfið í ágúst, tók nýr deildarstjóri við deildinni. Haustið byrjaði með aðlögun sem teygði sig fram eftir haustinu vegna óvissu í húsinu þar sem verið er að stækka leikskólann. Í janúar flutti elsta deild í nýtt húsnæði og í framhaldi af því fluttu börn milli deilda innan hús. Þá hófst aðlögun aftur á Dvergadal og hefur þetta haft mikil áhrif á starfið á deildinni. Á sama tíma hafa verið verkföll hjá Eflingarstarfsmönnum og núna samkomubann vegna Kovid-19 sem bæði hafa haft mikil áhrif á starf deildarinnar.

Á Dvergadal leggjum við mikið upp úr söng, lestri og allri sköpun. Á hverjum degi notum við samverustundir sem eru 3 sinnum á dag til þess að syngja og lesa bækur. Við nýtum okkur það flotta rými sem við höfum til þess að vinna með og skiptum hópnum oft upp í mismunandi verkefni s.s. könnunarleik, æfingar fyrir fínhyfingar og grófhreyfingar, föndur og alls kyns upplifanir með börnunum. Á Dvergadal reynum við enn fremur að nota öll þau tækifæri sem gefast til þess að vera utandyra bæði við leik í garðinum og göngutúra um nærumhverfið.

3.1.1 Tónlist:

Bæði á haust- og vorönn höfum við farið einu sinni í viku í tónlist. Þá förum við í tónlistarstofnuna, þar sem við kynnum fyrir börnunum allskonar hljóðfæri, æfum okkur að gera takta, spilum og syngjum, dönsum með tónlistinni og fleira skemmtilegt.



3.1.2 Hreyfing:

Einu sinni í viku er hreyfistund. Þá notum við salinn, setjum upp ýmiskonar íþróttaæfingar og/eða þrautabrautir þar sem börnin fá æfingu í t.d. jafnvægi, að hoppa, alls kyns æfingum með bolta, fara eftir einföldum fyrirmælum og fleiru þess háttar.

3.1.3 Smiðjur:

Á haustönn tókum við þátt í smiðjunni „Um víðan völl“ þar sem við unnum með allskyns efnivið sem við fundum úti og gerðum úr þeim ýmiskonar listaverk. Á haustinn fer líka mikill tími á Dvergadal í verkefnið „málað á bleyjunni“ þar sem börnin eru þá á bleyjunni/brókinni og fá ótrufluð að mála herbergi sem klætt hefur verið með pappa. Upplifun barnanna er tekin upp og afrakstur notaður sem jólagjöf til foreldra.

Það sem af er vorönn höfum við unnið að smiðju sem heitir „Hiti er málið“ þar höfum við skoðað og velt fyrir okkur muninum á hita og kulda, heitum og köldum litum og gert ýmiskonar listaverk og upplifanir tengdar því. Við stefnum á að vinna frekari verkefni tengd þessu þema.

Umbótaþættir Dvergadalur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Að starfsmenn séu virkir með börnunum Og efli þau til sjálfeðlingar	Að fá aðstoð barna við að velja verkefni	Ræða við börnin um hvað við getum gert	Hefst apríl 2020 Lítur júlí 2021	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Skoða í haust hvernig gengur og hvort við þurfum að gera öðruvísi	Sjá afrakstur verkefna og skráningu
Skráningar	Að bæta skráningu verkefna sem unnin eru með börnum	Alltaf að gera skráningu þegar börnin vinna verkefni	Hefst apríl 2020 Lítur júlí 2021	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Skoða í haust hvernig gengur og hvort við þurfum að gera öðruvísi	Sjá afrakstur verkefna og skráningu



	Auka vinnu með opin efnivið á deild.	Hafa meira af „ekki dóti“ í boði fyrir börnin. Fá hugmyndir hjá Arndísi	Hefst apríl 2020 Líkur júlí 2021	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Stöðugt endurmat, finna áhugaverða hluti til að skoða	Fara yfir myndir af starfinu og ræða á deildarfundum.

3.2 Innra mat Huludalur

Á Huludal eftir áramót eru 15 börn öll fædd 2017.

Starfið á deildinni hefur verið frábrugðið því sem er vanalega. Í janúar flutti elsta deildin í nýtt húsnæði og í framhaldi af því fluttu börn á milli deilda innanhúss. Nýr deildarstjóri tekur við Huludal í febrúar og eru þá öll börnin sem áður voru á deildinni flutt á aðra deildir. 7 börn flytja af annarri deild yfir á Huludal og 8 ný börn komu inn í aðlögun. Á sama tíma hefst verkfall Eflingarstarfsmanna og núna samkomubann vegna Covid- 19 sem bæði hefur áhrif á starf deildarinnar.

Á Huludal leggjum við mikið upp úr söng, lestri og allir sköpun. Á hverjum degi förum við í samverustundir sem eru 3 sinnum á dag til þess að syngja, lesa bækur og fara yfir dagskipulag. Við nýtum okkur það flotta rými sem við höfum til þess að vinna með og skiptum hópnum oft upp í mismunandi verkefni s.s. hlutverkaleik, æfingar fyrir fínhyrfingar og grófhreyfingar, föndur og alls kyns upplifanir með börnunum. Á Huludal reynum við enn fremur að nota öll þau tækifæri sem gefast til þess að vera utandyra bæði við leik í garðinum og göngutúra um nærumhverfið.

3.2.1 Tónlist:

Við förum einu sinni í viku í tónlist. Þá fara börnin í tónlistarstofuna, þar sem þeim er kynnt fyrir allskonar hljóðfærum, æfa sig að gera takta, spila og syngja, dansa með tónlistinni og fleira skemmtilegt. Tónlistin skerðist töluvert vegna aðstæðna í samfélaginu en verður tekið inn markvisst að lok samkonubanninu. Á meðan leggjum við áherslu á að syngja inn á deild.

3.2.2 Hreyfing:

Einu sinni í viku fara börnin upp í sal í hreyfistund þar sem búið er að setja upp ýmskonar æfingar, þrautabrautir eða jóga. Þar fá börnin æfingu í jafnvægi, gripi, að hoppa, allskyns æfingar með bolta, fara eftir einföldum fyrirmælum og fleiru þess háttar. Vegna samkomubanns höfum við fært hreyfistundina niður á deild, þar fara þau í jógastundir, litlar þrautabrautir og ýmsar æfingar.

3.2.3 Smiðjur:

Það sem af er vorönn höfum við unnið að smiðju sem heitir „Hiti er málið“ þar höfum við skoðað og velt fyrir okkur muninum á hita og kulda, heitum og köldum litum og gert ýmiskonar listaverk og upplifanir tengdar því. Við stefnum á að vinna frekari verkefni tengd þessu þema.

Umbótaþættir Huldudals	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Leiktími barna	Að fá börnin til að einbeita sér að einum leik í markvissan tíma	Með tímavaka og aðstoða börnin með leikinn.	Hefst í mars 2020 og líkur júlí 2021	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Skoða á deildarfundi hvernig gengur og hvort eitthvað þurfi að gera öðruvísi	
	Að fá börnin til að leika saman og skiptast á.	Aðstoðum börnin í leik saman. Umræður um vináttu og að skiptast á.	Hefst í mars 2020 og líkur júlí 2021	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Skoða á deildarfundi hvernig gengur og hvort eitthvað þurfi að gera öðruvísi	
Lubbastundir	Taka inn Lubbastundir	Hafa Lubbastundir 1x í viku, þar sem við æfum málhljóð og táknin.	Hefst í apríl 2020 og líkur júlí 2021	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Skoða í vor hvernig gengur.	



3.3 Innra mat Álfabjörg

Þegar skólaárið hófst um haustið voru tveir árgangar, 2015 og 2016, á Álfabjörgum. Fjögur börn færðust ekki af deildinni en það komu 13 börn af öðrum deildum og 4 börn komu ný inn. Á deildinni voru 5 starfsmenn þar af einn sem sá um stuðning barns. Aðlögun gekk vel og voru börnin sem urðu eftir á deildinni dugleg að kynna nýju börnunum hvernig dagurinn gengur fyrir sig.

Haustið fór ágætlega af stað en það setti mark sitt á starfið að ekki var komin dagsetning fyrir afhendingu á húsnæði fyrir elstu börnin í leikskólanum. Það dróst síðan fram yfir áramót. Einnig setti langtímaveikindi mark sitt á starfið, en nýr deildarstjóri tók við í nóvember.

Þess vegna fór smiðjuvinna rólega af stað um haustið. En enginn sat samt auðum höndum. Börnin voru að kynnast deildinni sinni og sínu nærumhverfi.

Læsi og málörvun var samofin inn í starfið. Það var mikil áhersla lögð á að setja orð á athafnir og tala við börnin í sem flestum aðstæðum.

Samverustundirnar voru þrjár yfir daginn. Fyrsta var um morguninn. Þá var farið yfir dagskipulagið, hvaða dagur væri í dag, spjallað um daginn og veginn og síðan borðaðir ávextir. Önnur stundin var í kringum hádegismatinn en þá var lesið fyrir börnin. Þriðja stundin var stutt og var rétt fyrir nónhressingu þá voru sungin lög. Börnunum var skipt í tvo hópa til að allir gætu fengið að njóta sín. Samverustundirnar gengu misvel en það sem helst þyrfti að bæta voru söngstundirnar.

Þegar smiðju vinnan hófst síðan var yfirheitið „Út um víðan völl“. Þá var farið að finna út hvar áhugi barnanna lá. En það reyndist ekki erfitt þar sem þau voru mjög spennt fyrir tunglinu og stjörnunum sem sást vel á himninum á morgnanna. Það var þá farið að kynna sér hvaða plánetur eru í sólkerfinu okkar og himingeiminn almennt. Einnig bjuggu þau sér til sínar eigin plánetur og sögðu hvað einkennir þær.

Listasmiðjan var svo nýtt til að dýpka enn frekar verkefnin.

Þar sem leikskólinn var svo heppinn að fá úthlutað að sjá um Tæknikistuna, var ákveðið að tvinna hana inn í smiðjuvinnuna. Til að mynda var tekin mynd af þeim við grænan bakgrunn sem svo breyttist í himingeiminn. Smiðjulok voru svo um miðjan nóvember.

Hreyfistundir voru einu sinni í viku þar sem áherslan var lögð á að auka hreyfigetu og grófhreyfingar. Einn starfsmaður sá um stundirnar og var unnið eftir plani sem búið var að vinna fram í tímann.

Umbótaþættir Álfabjargar	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Fjölbreyttar samverustundir	Að fá börnin til að einbeita sér og gera samverustundir áhugaverðar og tengja við Já það er gott að lesa	Með tímavaka og aðstoða börnin með leikinn.	Hefst í mars 2020 og líkur júlí 2021	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Skoða á deildarfundi hvernig gengur og hvort eitthvað þurfi að gera öðruvísi	Að börnin njóti samverustun da
Auka úthald í leik	Að fá börnin til að una við í leiknum	Aðstoðum börnin í leik saman. Umræður um vináttu og að skiptast á.	Hefst í mars 2020 og líkur júlí 2021	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Skoða á deildarfundi hvernig gengur og hvort eitthvað þurfi að gera öðruvísi	Almennt úthald í leik barna og þau finni þá ró sem góður leikur gefur.
Lubbastundir	Taka inn Lubbastundir	Hafa Lubbastundir 1x í viku, þar sem við æfum málhljóð og táknin.	Hefst í apríl 2020 og líkur júlí 2021	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Skoða í vor hvernig gengur.	Lubbi inni á deild og sé alltaf í notkun
List- sköpun	Vinna markvisst með ferilmöppur og skrá	Myndlist og sköpun í listasmiðju með Arndísi og kennara. Auka viðveru deildarinnar með börnunum í	September 2020- júní 2021	Deildarstjórar og allir starfsmenn á deild.	Met jafnt og þétt. Á deildarfundu m og með börnunum eins og hægt er	Að börnin fái tækifæri til að kynnast hinum ýmsu verkfærum og efnivið. Séu örugg og sýni frumkvæði.

Vinna með hreyfingu í útiveru	Fara í styttri og lengri ævintýra ferðir um nágrennið	listasmiðju þegar að hún er laus. Ferð sett á dagskipulag þannig að öll börn fari einu sinni í viku.	September 2020-júní 21	Deildarstjóri og allir starfsmenn á deild	Jafnt og þétt yfir veturinn en huga að upplifun barnanna og nota sem mat..	Að börnin öðlist úthald og þol. Að börnin fái notið náttúrunnar og nærumhverfi sins.
--------------------------------------	---	---	------------------------	---	--	--

Tónlistarstundirnar voru með öðru sniði en venjulega þar sem starfsmaðurinn sem sá um stundirnar var í öðrum störfum. Áherslan var þá sett á söng inn á deildum og kynna börnunum fyrir mismunandi tegundar af tónlist.

Sköpunin var aldrei langt undan inn á deild. En börnin voru dugleg að teikna og fengu að spreyta sig í að klippa. Einu sinni í viku fengu þau svo að fara í listasmiðjuna og þar gerðu þau hin ýmsu verkefni með hjálp Arndísar. Eitt af því sem er fastur liður er að börnin gera sjálfsmyndir að hausti og svo aftur á vori. Einnig bjuggu þau til jólagjafir fyrir foreldra sína. Listasmiðjan býður líka upp á að börnin geti leikið sér með opinn efnivið og kannað áhrif ljóss og skugga.

Tannverndin hélt áfram og voru tennur barnanna burstaðar eftir hádegismat.

Til að auka vatnsdrykkju á deildinni fengu börnin að koma með brúsa að heima, sem sendir voru reglulega heim til þvottar. Það gekk ekki nógu vel þannig að skipt var yfir í vatnskönnu og glös.



3.4

3.4. Innra mat Tröllabjörg

3.4.1. Haustið

Haustið byrjaði vel á Tröllabjörgum þar voru 22 börn fædd árið 2014 og 2015 og fimm starfsmenn voru á deildinni. Aðlögun á milli deilda gekk vel og komu þrjú ný börn. Það urðu smá starfsamanna breytingar, Þuríður tók við sem deildastjóri á Huldudal og í stað hennar kom Bjarki inn á deildina.

Málörvun og læsi fléttaðist inn í allt starf á deildinni, mikil áhersla var lögð á að tala við börnin í öllum aðstæðum og leggja orð á athafnir. Í samverustund á morgnanna var farið yfir hvaða dagur var, hvaða dagur var í gær og er á morgun, auk þess var farið yfir dagskipulagið. Í hádeginu var lagt upp með að lesa fyrir börnin eða þau fengu að hlusta á sögur. Í seinnipartssamveru voru sungin hin ýmsu lög. Þessar stundir gengu misvel stundirnar á morgnanna dattu oft niður þar sem börnin voru í góðum leik og við vildum ekki brjóta upp leikinn. Lestrastundirnar voru oftast á sínum stað og gengu vel börnunum var skipt upp í eldri og yngri hóp og þrátt fyrir stóran eldri hóp voru þau mjög áhugasöm. Unnið var með Lubba einu sinni í viku fyrri part haust en síðan tók vinna með Blæ við til að ýta undir vináttu inni á deildinn.

Fljótlega hófust Ævintýraferðir, fundum við lítinn skóg hjá flugvellinum sem börnin höfðu unun af að fara í. Þeim fannst gaman að fá að klifra í trjám og þarna leið þeim vel. Fljótlega bættust við börn frá Vættabjörgum við ferðirnar hjá okkur og skiptum við þeim þá í eldri og yngri hópa. Á meðan hópur var í ævintýraferðum voru eldri börnin sem voru heima að vinna verkefni í tæknistunni en yngri börnin í leikstund með jafnöldrum á Vættabjörgum.

Smiðjuvinna gekk vel í haust, smiðjan *Út um víðan völl* hófst í byrjun haust og nýttum við ævintýraferðirnar í kveikju, skoðuðum við skógin og unnum með efnivið sem við fundum í nátúrunni. Í miðri smiðju urðu mannabreytingar og nýr deildastjóri, Hjálmdís, tók við deildinni, haldið var áfram með smiðjuvinnu sem lauk með smiðjulokum um miðjan nóvember. Síðan tók við vinna að jólagjöfum. Öll börnin gerðu bækur í jólagjöf fyrir foreldra sína, þau fengu sjálf að ákveða hvernig bækur þau gerðu.

Tónlistin var með öðru sniði þetta árið, í haust var meira lagt upp úr að syngja fjölbreytt lög inn á deildum og hlusta á tónlist. Einnig var farið í tónlist einu sinni í viku með kennara þar sem þau kynntust hinum ýmsu hljóðfærum, lærðu að syngja lög á öðrum tungumálum og dansað við mismunandi tónlist.

Sköpun var mikil inni á deildum, við útbjuggum efnisveitu inni á deildinni þar sem börnin gátu gengið í ýmsan efnivið og verkfæri til að vinna með. Gaman var að fylgjast með hönnunarhæfni þeirra og urðu til hin ýmsu listaverk. Einnig fengu þau aðgang að listasmiðju einu sinni í viku hjá Arndísi þar gerðu börnin



sjálfsmyndir, listaverk út frá smiðjunni og í desember voru gerðar jólagjafir. Ásamt því var margt annað brallað, t.d. leikið með ljós og skugga og kannaðir hinir ýmsu efniviðir.

Íþróttastundir voru einu sinni í viku, þar sem börnin fengu að fara í salinn, þar var farið í hina ýmsu leiki ásamt því að fá að vinna hin ýmsu verkefni í þrautabrautum.

Foreldrasamstarf gekk vel, öllum foreldrum var boðið upp á foreldraviðtöl í haust þar sem farið var yfir líðan barns og gerð markmið með foreldrum. Mikil áhersla var lögð á að taka vel á móti börnum á morgnanna og þar af leiðandi gáfum við okkur að foreldrum í leiðinni. Sendur var fréttapóstur til allra foreldra nánast á hverjum föstudegi þar sem farið var yfir vikuna sem var að líða ásamt því hvað væri fram undan.

Tannvernd hélt áfram samkvæmt áætlun og tennur barnanna voru burstaðar á hverjum degi eftir hádegis mat. Einnig vorum við með konnu með vatni og glös sem börnin gátu gegnið í til að auka vatnsdrykkju inni á deildinni.

Martímarnir gengur vel, farið var í átak til að leyfa börnunum að skammta sér sjálf, útbúin var matstofa þar sem börnin fengu sér sjálf á diskana áður en þau settust við matarborðið. Þetta fór misvel í starfsfólk og það voru ýmsir byrjunar örðuleikar sem tekið var á. Keypt voru ný áhöld og maturinn settur í föt sem hentaði börnunum betur.

Hljóm-2 könnunin var lögð fyrir börn fædd 2014, Guðlaug Ásgeirsdóttir framkvæmdi könnunina sem byggð er á orðaleikjum.

Mikið var unnið með lýðræði í leik inni á deildinni, flest allt leikefni var gert aðgengilegt og börnin fengu að velja sjálf hvað þau léku með, með hverjum og hvar þau vildu vera með dótið. Þetta gekk mjög vel en krafðist þess að starfsmenn væru virkir í leik og voru þar sem börnin voru.

3.4.2 Vorið

Í janúar urðu miklar breytingar 2014 börnin fluttu út í Móa og Vættabjörg og Tröllabjörg voru sameinaðar og gerðar að einni deild sem fékk nafnið Tröllabjörg. Börnin fædd 2015 sem voru á deildunum urðu eftir ásamt Kolbrúnu og Ágústu. Katrín flutti yfir með Álfarbjargar börnin 2015, ásamt fjórum starfsmönnum. Einnig flutti Karen upp með börn frá Huldudal auk þess sem það bættist við eitt barn. Voru þá 41 barn á deildinni með átta starfsmönnum. Það urðu smá starfsmannabreytingar en við hópinn bættust Elli og Arnaldur en Ástrós og Kolbrún fluttust á aðrar deildir.



Janúar fór í að aðlaga börnin og finna leiðir til að vinna með stóran hóp, skipta honum niður og finna hvernig dagurinn gæti gengið. Þetta tók á starfsmannahópinn en okkur tókst að finna leiðir til að vinna með hópana. En til að þetta gengi urðum við að skipta hópunum vel á svæði, halda samverustundum og vera með vel skipulagt starf. Þegar allt var að komast á rétta skrið þá tók við verkfall þar sem deildinni var lokað á meðan á því stóð. Þegar það leystist komu börnin í leikskólann í þrjá daga og síðan var sett á samkomubann vegna COVID-19 og var þá börnunum skipt upp í helming hvenær þau mættu mæta í leikskólann. Einnig var þeim skipt upp á milli Tröllabjargar og Vættabjargar.

Rétt áður en verkfallið skall á vorum við byrjuð að vinna með hrafnninn, við fórum og gáfum honum að borða, nýttum við afganga frá kaffitímanum og ávaxtastund. Við fylgdumst með honum borða úr garðinum okkar og sáum hann ná sér í mat og fljúga með hann upp á nærliggjandi þak. Gaman var að sjá hvað hann borðaði af því sem við gáfum honum. Í listasmiðju hjá Arndísi teiknuðu þau mynd af hrafnninum.

Til að gera samverustundir markvissar var ákveðið að finna körfu fyrir hvern hóp þar sem efni var safnað saman sem hægt væri að nýta í samverustund til að auka málörvun og samskipti.

Mikið var unnið í hópum þar af leiðandi fengu börnin ekki mikið val um hverja þau léku með, ákveðið var að gera val eftir kaffitímann þar sem börnin gátu valið sér svæði til að leika sér á. Þá vorum við með það í huga að nýta vel öll þau svæði sem húsnæðið býður upp á og skipta starfsfólki niður á svæði. Þetta komst ekki í gang fyrir verkfall en við vonumst til þess að það takist þegar starfið kemst í samt lag aftur.

Starfið með Lubba var endurmetið og fengu starfsmenn námskeið á skipulagsdegi, út frá því var gerð ný og markviss stefna með Lubba vinnu sem hófst í mars.

Umbóta- títtir Tröllabjörg	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlu n	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Að þarf að taka?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir	Hvaða aðferð á að nota? (Könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er



						við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Samveru- stundir	Halda áfram að vera með samverustundir, vera með þær fjölbreyttar. Passa upp á að efnið hæfi aldurshópnum og hafa ró á meðan samverustundin er.	Vera með samverustundar körfur fyrir hvern og einn hóp, með fjölbreyttum verkefnum og sögum. Haga klósettferðum barnanna þannig að þær trufli ekki samveruna.	September 2020 -júní 2021	Allt starfsfólk innan deildarinnar	Jafnt og þétt yfir veturinn, á deildafundum og láta börnin meta.	Að samverustundir verða markvísar, skemmtilegar og áhugaverðar. Notalegar stundir.
Sýni	Halda áfram markvissri vinnu með Lubba, þar sem einn stafur er tekin fyrir í hverri viku. Unnið verðum með orðflokka samhliða því. Ritmálið verði sýnilegt inni á deildum, hvetja börn til að merkja	Markvísar Lubba stundir einu sinni í viku og lögin sungin á hverjum degi. Farið er gegnum orðflokkan sem verið er að vinna með og gerð verkefi í kringum þá. Merkja allt í umhverfinu og	September 2020 til júní 2021	Allt starfsfólk innan deildarinnar	Jafnt og þétt á deildafundum yfir veturinn, hlusta á raddir barnanna	Að börnin sýni ritmálinu og lestri áhuga.



	myndirnar sínar og hald við lestrarstundum og söng	vera með skipulagðar lestra og söngstundir.				
